

Ed.

509. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jón Baldvinsson.

1. Í stað 1. gr. frv. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (1. gr.). Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu, þannig, að uppfylltar verði kröfur fræðslulaganna. Í skránni skal greina, til hverra námsgreina bækurnar skuli ná og hverjar kröfur skuli gera um efni og efnismeðferð hverrar bókar.
 - b. (2. gr.). Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og dreifir þeim út á meðal allra skólaskyldra barna í landinu, hvortveggja í samræmi við ákvæði þessara laga.
2. Aðra grein frv., sem verður 3. gr., skal orða svo:

Ritstjórn námshóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, annast þriggja manna nefnd: fræðslumálastjóri, sem er formaður nefndarinnar, og tveir menn, tilnefndir til fjöggra ára í senn, annar af stjórn Sambands íslenskra barnakennara, en hinn af ráðherra. Ritstjórnin velur

bækur til útgáfu í samræmi við skrá þá, er um getur í 1. gr., og er útgefand-
anum (sbr. 4. gr.) að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um allt, er út-
gáfuna varðar. Sérstaklega lætur ritstjórnin til sín taka samninga um út-
gáfurétt og ritlaun, eintakafjölda upplaga, svo og að allur frágangur á bók-
unum verði sem hagkvæmastur. Ráðherra er heimilt að ákveða ritstjórn-
inni þóknun fyrir störf hennar, og telst sú þóknun til kostnaðar við útgáfu
námsbókanna.

3. Í stað 3., 4. og 5. gr. frv. komi 3 nýjar greinar (4.—6. gr.), svo hljóðandi:
 - a. (4. gr.). Ríkisprentsmiðjan annast útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru
gefnar samkvæmt þessum lögum. Hún annast prentun þeirra, bókband
og útsendingu. Forstöðumaður ríkisprentsmiðjunnar annast framkvæmd-
ir starfa fyrir ritstjórnina.
 - b. (5. gr.). Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs senda skóla- og fræðslu-
nefndir, hver úr sínu skóla- eða fræðslubéraði, ríkisprentsmiðjunni grein-
argerð um, hverjar og hve margar námshækur muni þurfa handa skóla-
skyldum börnum í héraðinu á skólaári því, er í hönd fer. Greinargerð-
inni skal fylgja skýrsla yfir tölu skólaskyldra barna héraðsins, og skal
þess getið, á hve mörgum heimilum hin skólaskyldu börn séu. Ríkis-
prentsmiðjan sendir síðan öllum skóla- og fræðslunefndum nægan náms-
bókaforða til skólaársins.
 - c. (6. gr.). Ríkissjóður greiðir ríkisprentsmiðjunni kostnað við útgáfu og
útsendingu námshóka þeirra, sem ríkisprentsmiðjan gefur út samkvæmt
þessum lögum. Skal sú greiðsla nema réttu kostnaðarverði.
4. Sjöttu gr. frv., sem verður 7. gr., skal orða svo:

Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út
eru gefnar samkvæmt þessum lögum, lætur ríkissjóður innheimta með
öðrum skatttekjum sínum námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er
skólaskyld barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5 krónum á
heimili, og má innheimta það með lögtaki. Geti framfærandi skólaskylds
barns ekki greitt námsbókagjaldið, skal það greiðast úr sveitarsjóði, sem
önnur gjöld til skólahalds.

Nú nægja ekki greidd námsbókagjöld til að standast áfallinn útgáfu-
og útsendingarkostnað, og er þá ráðherra heimilt að taka lán til útgáfunnar
með allt að 6% ársvöxtum, er síðar verður greitt af námsbókagjöldum, ef
þau hrökkva til. Ef afgangur verður hinsvegar af námsbókagjöldum, að
greiddum útgáfu- og útsendingarkostnaði, skal hann lagður í sérstakan
sjóð, námshókasjóð, til eflingar útgáfunni, og skal sjóðurinn vera í vörzl-
um fjármálaráðherra.

5. Á eftir 6. gr. frv., sem verður 7. gr., koma 4 nýjar greinar (8.—11. gr.), svo
hljóðandi:
 - a. (8. gr.). Skólanefndir og fræðslunefndir fela skólastjórum við fasta skóla
og umferðakennurum við umferðakennslu að útbýta námsbókum þeim,

sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, ókeypis á meðal skólaskyldra nemenda sinna, eftir þörfum þeirra, en gæta skulu þeir alls höfs um eyðslu bókaforðans og ganga ríkt eftir því, að nemendurnir fari vel með bækurnar, enda taki eitt barnið við af öðru á sama heimili um notkun námsbókanna. Um allt þetta má setja nánari ákvæði í reglum þeim, er um getur í 5. grein.

- b. (9. gr.). Námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, mega ekki án heimildar ráðherra ganga kaupum og sölum, að viðlögðum sektum, 10—100 krónum, enda skal þess getið með greinilegri áletrun á hverju eintaki.
 - c. (10. gr.). Ráðherra skal, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út eða útvega og útbýta til skólaskyldra barna á sama hátt sem námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, öðrum skólanaúðsynjum, svo sem forskriftarbókum, stílabókum, teiknibókum, vinnubókum, pappír og ritföngum, enda sýni það sig, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði.
 - d. (11. gr.). Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur og aðrar hækur til smábarnakennslu, til undirbúnings hinnu opinberu barnafræðslu, og útbýta þeim á tilsvarendi hátt við það, sem fyrir er mælt um aðrar námsbækur, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum.
6. Fyrsti másl. 7. gr. frv. verður sérstök (12.) gr. og orðist svo:

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanaúðsynjar fyrir nemendur annara almennt skóla en barnaskóla og útbýta þeim á sama hátt sem námsbókum til barnafræðslunnar, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum, en jafnframt því, sem útgáfa námsbóka er hafin samkvæmt þessari grein, er ráðherra heimilt að ákveða, að námsbókagjöld þau, sem innheimt eru samkvæmt 7. grein, skuli hækka á hverju því heimili, þar sem er nemandi, einn eða fleiri, í almennum skóla, öðrum en barnaskóla, enda gangi útgáfa þeirra námsbóka fyrir, sem sameiginlegar gæta verið sem flestum skólum. Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 10 krónum á heimili. Af heimili, þar sem er skólaskyldt barn og jafnframt nemandi í öðrum skóla en barnaskóla, skal aðeins tekið hið herra námsbókagjald. Ráðherra setur sérstakar reglur til tryggingar því, að hið herra námsbókagjald innheimtist með skilum af hverju gjaldskyldu heimili.

7. Á eftir 1. másl. 7. gr. frv., sem verður 12. gr., kemur ný (13.) gr., svo hljóðandi:

Um afskipti fræðslumálastjórnarinnar, ritstjórn, útgáfu, útsendingu og dreifingu námsbóka þeirra og skólanauðsynja, sem um getur í 10., 11. og 12. grein, fer að öllu leyti á tilsvarendi hátt við það, sem fyrir er mælt um námsbækur handa skólaskyldum börnum, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum.
8. Síðari tveir másl. 7. gr. frv. verða sérstök (14.) gr. og orðast svo:

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að fela ríkisprentsmiðjunni að gefa út eða útvega og selja við kostnaðarverði til almennra skóla landabréf, veggmyndir og aðrar slíkar skólanauðsynjar.
9. Áttundu gr. frv., sem verður 15. gr., skal orða svo:

Nú eru fyrir á markaðinum námsbækur, sem að dómi ritstjórnarinnar fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til slíkra námsbóka í skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og er þá ríkisprentsmiðjunni heimilt, í samráði við ritstjórnina, að semja um kaup á upplögum þeirra bóka við því verði, er miðað sé við kostnaðarverð ríkisprentsmiðjunnar, ef hún gæfi bækurnar út samkvæmt þessum lögum. Leita skal staðfestingar ráðherra á öllum slíkum kaupsamningum. Um námsbækur þær, sem keyptar hafa verið samkvæmt þessari grein, gilda að öllu leyti sömu reglur sem um námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Þó nær bann 9. greinar við sölu bókanna ekki til annara eintaka en þeirra, sem ríkisprentsmiðjan hefir látið úti og leitað á slíkt bann.
10. Niundu gr. frv., sem verður 16. gr., skal orða svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólaskyldum börnum þegar séð fyrir ókeypis námsbókum frá og með skólaárinu 1936—1937.
11. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Greinargerð.

Með þessum tillögum er farið fram á þá höfuðbreytingu á frumvarpinu, að námsbókum þeim, er ríkið gefur út, verði úthlutað ókeypis til þeirra, sem þær þurfa að nota, en kostnaðinum verði náð upp með lágum skatti á hvert heimili, sem þessara hlunninda verða aðnjótandi, og verða hér leidd rök að því, að unnt sé að gefa þannig út nægan forða námsbóka til fullnægingar kröfum fræðslulaganna fyrir svo lágt árgjald á heimili, að smámunni eina megi telja, jafnvel miðað við þau útgjöld, sem heimili með aðeins einu skólaskyldu barni þurfa nú á sig að leggja í þessu skyni, hvað þá ef miðað er við barnafólk. En til þess er ætlað, að skatturinn, námsbókagjaldið, verði jafnhátt á hverju heimili, án til-lits til barnafjölda.

Fræðslumálastjórnin hefir gert skrá yfir þær námsbækur, sem nú eru notaðar við barnafræðsluna og hann telur fullnægja kröfum fræðslulaganna. Þær eru 15 að tölu og kosta samtals í útsölu kr. 43.75, eða nærri 11 krónur á ári fyrir heimili með einu skólaskyldu barni, miðað við skólaskyldu yfir fjöggra ára tima-

bil. Hér í Reykjavík, þar sem skólaskyldan er 6 ár, er þessi kostnaður rúmlega kr. 7.00 á ári á eitt barn, og þar sem skólaskyldan er lengst í landinu, 7 ár, rúmlega kr. 6.00. Og er hér ekki tekið tillit til hinna tíðu og óvinsælu skipta á kennslubókum, sem hleypa kostnaðinum geipilega fram.

Þessar 15 bækur hafa nú verið lagðar fyrir forstöðumann ríkisprentsmiðjunnar, og hefir hann gert áætlun um kostnað við útgáfu slíkra bóka í nægilega stórum upplögum að dómi fræðslumálastjóra, til að endast öllu landinu í 3 ár, þ. e. hverja bók í 6000 eintökum. Hann hefir miðað við samskonar eða ekki síðri frágang á bókunum en nú er, gerir ráð fyrir, að ritlaun yrði að borga á hverja örkr með kr. 100.00—200.00, að myndamót yrði að kaupa eða láta búa til, að bandið yrði samskonar og nú er á bókunum, að pappirsverð yrði eins og það, sem nú er fáanlegt í jafnstórum kaupum og hér yrði um að ræða, og að prentkostnaður yrði greiddur við nú tíðkanlegu verði án nokkurrar sérstakrar ívilnunar. Á þennan hátt áætlar hann kostnaðinn við útgáfu þessara 15 bóka í samtals 90 þúsund eintökum á kr. 100000.00, og telur hann þessa áætlun ekki óvarlega. Ef ríkisprentsmiðjan tæki að sér forsjá útgáfunnar og útsendingu bókanna, eins og gert er ráð fyrir, telur hann réttara að ætla henni aukreitis í því skyni um kr. 3000.00 á ári, og yrði þá þriggja ára kostnaður við að sjá öllum skólaskyldum börnum í landinu fyrir námsbókum allt að kr. 110000.00, eða innan við kr. 37000.00 á ári.

Kostnaðurinn á hvert eintak í þessari útgáfu, komið í hendur notanda, yrði samkvæmt þessu um kr. 1.20, eða á allar 15 bækurnar rúmlega kr. 18.00, í stað kr. 2.90 á bók og samtals kr. 43.75 nú. Þegar húið væri að selja þann þriggja ára forða, sem hér hefir verið áætlaður, 6000 eintök af hverri bók, við því verði, sem nú tíðkast, væri almenningur húinn að tina út fyrir þær kr. 262500.00, eða rúmlega kr. 150000.00 meira en kostnaðarverðið, sem engir smámunir eru, þegar tekið er tillit til þess, að þyngst skella þessi útgjöld á fátækustu barnafjölskyldunum í landinu.

Þá er komið að tekjuöfluninni til þessa fyrirtækis, námsbókagjaldinu. Fræðslumálastjórim skýrir frá því, að 12000 skólaskyld börn séu í landinu. Greinilegar skýrslur liggja ekki fyrir um, frá hve mörgum heimilum þessi skólaskyldu börn eru. Brynjólfur Stefánsson forstjóri hefir gizkað á, að tala skólaskyldra barna á heimili sé einhversstaðar á milli eins og tveggja, og kemur þetta heim við álit fræðslumálastjóra. Próftalning í 8 skólum, bæði í kaupstöðum og til sveita, viðsvegar um landið, sem farið hefir fram síðustu daga, bendir á, að ekki komi fleiri börn á heimili en í hæsta lagi 1.5. Eftir því ættu skólaskyld börn að vera á að minnsta kosti 8000 heimilum, sem þá yrðu sköttuð námshólagjaldi samkvæmt þessum tillögum. Kr. 5.00 skattur á heimili, sem fyrirhugaður er, ætti því að gefa um kr. 40000.00 árlegar tekjur, eða nokkurn tekjuafgang eftir þriggja ára starfsemi þessarar útgáfu.

Rekstrarafgangurinn gæti og vel orðið meiri en hér er gert ráð fyrir, því að ekki er ótrúlegt, að úr framleiðslukostnaðinum, eins og hann er hér áætlaður, megi verulega draga, að minnsta kosti þegar frá liður. Má nefna þetta til: Með hagkvæmari skipulagningu útgáfunnar má ef til vill draga nokkuð úr arkafjöldanum. Með því að hafa allar bækurnar í sama broti og samskonar bandi, má

vafalaust lækka bókbandskostnaðinn svo að verulegu nemi. Af sumum bókunum mætti hafa upplögin miklu stærri, þ. e. gefa þær út til fleiri ára í senn en þriggja, eða þá að láta letur standa á milli upplaga, sem drjúgan sparnað getur haft í för með sér. Ritlaun þarf ekki endalaust að borga af hverri örsk, o. s. frv., o. s. frv. Fræðslumálastjóri telur og ríflega vera gert fyrir eintakafjölda upplaga (6000), þannig, að ekki sé ólíklegt, að sumar bækurnar að minnsta kosti endist drjúgt lengur en í 3 ár, einkum er frá líður og heimilin hafa verið birgð að bókum.

Það, sem sparast getur á þennan hátt eða annan, verður að vísu ekki látið liggja aðgerðalaust í sjóði, en notað til eflingar og aukningar fyrirtækinu, svo sem til að bæta bækurnar að efni og frágangi, fjölga þeim eða til að útbýta ókeypis meðal skólaskyldra barna öðrum skólanauðsynjum en prentuðum bókum, eins og brtt. 5. c. gerir ráð fyrir.

Sérstök athygli skal vakin á því, að með stofnun þessa fyrirtækis er ekki ætlað til, að sett verði upp nein ný rikisskrifstofa með þeim útgjöldum, er slíku fylgir og mörgum er eðlilega þyrnir í augum. Ríkisprentsmiðjan annast þetta allt mjög á svipaðan hátt og aðra útgáfustarfsemi fyrir ríkið. Ritstjórnin verður þriggja manna nefnd, sem aðeins á að hafa með höndum að meta það, hverjar bækur skuli velja til útgáfu, og vera ríkisprentsmiðjunni til ráðuneytis, aðallega um frágang bókanna. Eiga störf hennar mjög lítinn aukakostnað að hafa í för með sér, enda hefir hún ekkert sérstakt skrifstofuhald, og er sá kostnaður talinn með í öðrum kostnaði, eins og hann er reiknaður hér að framan.

Gert er ráð fyrir því í þessum tillögum, eins og í frumvarpinu, að námsbókaupplög einstakra manna, sem fyrir eru á markaðinum, verði keypt af ríkisútgáfunni að svo miklu leyti, sem bækurnar svara kröfum fræðslumálastjórnarinnar, og við því verði, er ríkisútgáfan sé skaðlaus af, enda vilji eigendurnir láta þær af hendi.

Það er að athuga, að með samþykkt þessara tillagna er ekki lögleidd nein einokun á útgáfu námsbóka, ekki heldur löggiltra námsbóka til barnafræðslunnar. Tilgangurinn er, að sjá fyrst og fremst öllum skólaskyldum börnum að því er kalla má ókeypis fyrir þeim námsbókum, sem á hverjum tíma eru nauðsynlegar að mati fræðslumálastjórnarinnar. Ef fólk vill kaupa aðrar bækur eða fleiri bækur, er það hverjum einum frjálst og þá víðalaust að hafa þær á boðstólum.